

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ketilsbrautar 22 á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 19. nóvember 2013 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings að deiliskipulagi lóðarinnar að Ketilsbraut 22 á Húsavík. Í deiliskipulaginu er skilgreindur byggingarréttur innan lóðarinnar sem afmarkast af Miðgarði í austri, Stóragarði í norðri og Ketilsbraut í vestri og suðri. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við núverandi hótélbyggingu, til norðurs og austurs. Hæð viðbyggingar er allt að fjórar hæðir auk kjallara. Leyft nýtingarhlutfall er 1,05.

Ekki barst athugasemd við skipulagstillöguna á kynningartíma og var skipulagið samþykkt óbreytt frá kynningu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Húsavík, 5. desember 2013.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2013